

Tillaga	A 2020/UVN
Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin

Þingmannatillaga um norrænt jafnréttis- og jafnræðisframtak

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð ákveði

- að gefa út heildstæða norræna hvítbók um jafnrétti og jafnræði og
- að miða við að hvítbókin komi að gagni við undirbúning framkvæmdastjórnar ESB á tillögu að evrópskri jafnréttisáætlun,

auk þess sem

flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

- að jafnréttisráðherrarnir á Norðurlöndum ræði saman um sameiginlega afstöðu og norræn markmið að því er varðar hvítbók Norðurlandaráðs með skírskotun til evrópsku jafnréttisáætlunarinnar þegar ráðherrarnir hittast á jafnréttisdögum finnsku í Helsingfors haustið 2025 og
- að halda áfram þróun rannsókna í samstarfi við NordForsk sem styðja og styrkja framsækna jafnréttisstefnu á Norðurlöndum sem og að halda við og þróa núgildandi norræna jafnréttisstefnu í því skyni að auðvelda kynningu á norrænu notagildi jafnréttis í löndum innan og utan Evrópu.

Bakgrunnur

Samkvæmt stefnuskjali Ursulu von der Leyen, Political Guidelines, áformar framkvæmdastjórn ESB eftirfarandi: „... propose a new Gender Equality Strategy for post-2025. It will set out our plan to strengthen women’s rights across the board, from the fight against gender-based violence to empowering women in politics and the labour market, across the EU, as well as across the EU institutions.“ Í sama skjali segir að Hadja Lahbib, framkvæmdastjóri jafnréttismála, muni kynna „updated strategy on LGBTIQ equality“ á næsta kjörtímabili.



Í formála núverandi samstarfsáætlunar um jafnréttismál og hinsegin málefni er að finna svohljóðandi áeggjan: „Á Norðurlöndum eiga allir borgarar að finna fyrir öryggi og að þeir tilheyri. Enginn á að þurfa að verða fyrir mismunun, hótunum eða ofbeldi vegna kyns, kynhneigðar eða kynvitundar. Mikilvægt er að standa vörð um þessi sameiginlegu norrænu grunngildi sem við byggjum samfélög okkar á. Þegar réttindi hinsegin fólks eru dregin í efa víða um heim þá stöndum við vörð um jafnrétti, jafnræði og hugmyndina um að allar manneskjur séu jafn mikils virði. Við getum ekki gengið að slíkum mannréttindum vísu og því þurfum við að standa vörð um þann árangur sem við höfum náð á Norðurlöndum þess vegna höldum við áfram norræna samstarfinu um kynjajafnrétti og réttindi hinsegin fólks til ársins 2030.“

Á sviði jafnréttis- og jafnræðismála setja Norðurlönd markið einstaklega hátt í alþjóðlegu tilliti en einnig þótt miðað sé við önnur Evrópulönd. Því eru Norðurlönd mikilvæg fyrirmynd annarra landa bæði um markmið og félagslegar aðgerðir. Eigi að síður hefur orðið bakslag víða um heim í jafnréttis- og jafnræðismálum. Árás Trump-stjórnarinnar á kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi stúlkna er til dæmis á allra vörum. Evrópa fer ekki varhluta af andröðrinum gegn kynjapólitík í ýmsum löndum. Norðurlönd mega ekki slá slöku við í metnaðarfullri viðleitni sinni á sviði jafnréttismála heldur skipuleggja enn betur sameiginlega viðspyrnu gegn slæmum áhrifum þessarar stefnubreytingar innanlands og á heimsvísu. Andröðurinn gegn jafnrétti hefur einnig orðið ógn við heilbrigði kvenna og stúlkna í ákveðnum Evrópulöndum. Svo að dæmi sé tekið frá Evrópu hefur bann Póllands við fóstureyðingum meira að segja leitt til dauðsfalla.

Flokkahópur miðjumanna telur að norræn hvítbók um jafnrétti og jafnræði sé skýrasta leiðin fyrir Norðurlandaráð og Norðurlönd til að leggja sitt af mörkum til yfirstandandi undirbúnings framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á evrópsku jafnréttisáætluninni. Við á Norðurlöndum höfum sýnt að samfélög sem leggja upp úr jafnrétti ná einnig árangri í félagshagfræðilegri þróun og velferð.

Við leggjum til að mikilvæg málefni og atriði úr eftirfarandi skjölum verði tekin upp í norræna hvítbók um kerfisbundið og markvisst samstarf við að ná fram jafnrétti og jafnræði á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu:

- [Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnrétti og hinsegin málefni 2025–2030](#)¹
- Samþætting jafnréttismála á öllum sviðum ráðherranefndarinnar: [Greinargerð um jafnréttismál árið 2020](#)²

¹ <https://pub.norden.org/politknord2024-732/>

² <https://www.norden.org/sv/node/47561>



- Réttindi hinsegin fólks: [Þingmannatillaga um samræmingu á löggjöf um hinsegin fólk á Norðurlöndum](#)³
- Jafnrétti á vinnumarkaði: [Þingmannatillaga um sameiginlegar norrænar aðgerðir gegn kynferðisáreitni á vinnustöðum](#)⁴
- Sjálfsákvörðunarréttur um fóstureyðingar sem hluti af sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi
- Samþykkisréttur og nauðgun
- Heilbrigðisáætlun fyrir kvensjúkdóma
- Æskilegt fyrirkomulag foreldraorlofs
- Endurskoðun evrópskrar löggjafar um viðurkenningu á ofbeldi og brotum gegn konum
- Stuðningur við stofnanir sem berjast fyrir og styðja réttindi kvenna og kynferðisleg réttindi

Hvítbók Norðurlandaráðs ber að beina til jafnréttismálanefndar Evrópuþingsins (FEMM) og skrifstofu Hadjas Lahbib, framkvæmdastjóra jafnréttismála, auk Norrænu ráðherranefndarinnar sem grunn að umræðum norrænu jafnréttisráðherranna á fundum þeirra haustið 2025.

Helsingfors, 31. mars 2025

Eva Biaudet (sfp)
Jouni Ovaska (cent)
Helena Gellerman (L)
Halla Brund Logadóttir (F)
Anna Falkenberg (Sb)
Kathrine Kleveland (Sp)
Catarina Deremar (C)
Guðbrandur Einarsson (V)

Krista Mikkonen (grænum)
Emma Berginger (MP)
André N. Skjelstad (V)
Kjerstin Wøyer Funderud (Sp)
Kjell-Arne Ottosson (KD)
Johan Dahl (Sb)
Liz Mattsson (ÅC)

³ <https://www.norden.org/is/node/17889>

⁴ <https://www.norden.org/is/node/17837>